

syni, kr. 370.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 30. október 1980.

Nr. 34/1980. **Ákærvaldið**
 (Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
 gegn
Bjarna Magnúsi Aðalsteinssyni
 (Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.
 Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörns-son og Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Lögð hafa verið fyrir Hæstarétt nokkur ný skjöl, þar á meðal sakavottorð ákærða. Hann var hinn 27. febrúar 1980 dæmdur til að greiða 525.000 króna sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969 og sviptur rétti ævilangt til að öðlast ökuleyfi frá 13. nóvember 1979 að telja.

Þegar sakargögn eru virt, þykja fram komnar nægar sannanir fyrir því, að ákærði hafi ekið bifreiðinni R 29435 eins og í ákæru greinir, sviptur ökuréttindum ævilangt og undir áhrifum áfengis. Er atferli ákærða réttilega heimfært til refsíákvæða í héraðsdómi. Refsingu ber að ákveða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976, og 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sem í gildi var, þegar ákærði framdi brot sitt, en viðurlögum 5. gr. laga nr. 52/1978 verður ekki beitt, sbr. 2. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Eins og í héraðsdómi er rakið, var ákærði hinn 17. febrúar

1978 dæmdur í 10 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Verður honum því í þessu máli dæmdur hegningarauki við þann dóm, sem þykir með hliðsjón af brotaferli ákærða hæfilega ákveðinn í hinum áfrýjaða dómi. Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvikssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. apríl 1979.

Ár 1979, mánudaginn 9. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryrssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 120/1979: Ákærvaldið gegn Bjarna Magnúsi Aðalsteinssyni, sem tekið var til dóms 26. mars sl.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 3. apríl 1978, á hendur ákærða, Bjarna Magnúsi Aðalsteinssyni vélvirkja, Bergþórugötu 61, Reykjavík, fæddum þar í borg 19. ágúst 1949, „fyrir að aka föstudaginn 3. júní 1977 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni R 29435 um götur Reykjavíkur og suður í Kópavog, þar sem akstri lauk við biðskýlið að Kópavogsbraut 115.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 3. júní 1977, kl. 1244, kom Jón Björnsson, lög-
reglumaður úr Reykjavík, á lögreglustöðina í Kópavogi og til-
kynnti um grunsamlegan akstur ökumanns bifreiðarinnar R
29435. Var þegar hafin leit að bifreiðinni, og fannst hún við bið-
skýli að Kópavogsbraut 115, Kópavogi. Samkvæmt skýrslu Guð-
mundar Ingasonar, lögreglumanns í Kópavogi, var haft tal af
ökumanni, sem framvísaði ökuskírteini, og reyndist það vera
ákærði í máli þessu. Þar eð áfengisþef lagði frá vitum hans, var
hann færður í lögreglubifreið og síðan á lögreglustöð, þar sem
tekin var af honum varðstjóraskýrsla. Síðar var ákærði færður á
slysadeild Borgarspítalans til blóðtöku. Við rannsókn reyndist
alkóhólmagn í blóði hans greint sinn vera 1.27‰.

Hjá varðstjóra skýrði ákærði svo frá, að hann hefði verið að
aka framangreindri bifreið frá Lokastíg í Reykjavík og hafi
ákvörðunarstaður verið ókunnur. Hann kvaðst hafa drukkið
áfengi kvöldið áður til miðnættis og síðan þrjá pilsnera um-
ræddan morgun. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áhrifa áfengis
við aksturinn.

Þegar ákærði mætti til yfirheyrslu vegna máls þessa hjá rann-
sóknardeild lögreglunnar í Reykjavík hinn 17. febrúar 1978, neit-
aði hann því að hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn og kvað konu
sína hafa ekið, en vegna ósættis hefði hún yfirgefið bifreiðina
við biðskýlið í Kópavogi. Hann kvaðst hafa setið undir stýri bif-
reiðarinnar, þegar lögreglan kom, en lyklar hafi verið í vörslu
eiganda hennar, sem hafi setið fram í hægra megin.

Þegar ákærði kom fyrir dóm í máli þessu hinn 25. maí 1978,
skýrði hann svo frá, að hann hefði verið að Lokastíg 18 3. júní
1977, en mundi eigi, hvenær hann hafði komið þangað. Hann
neytti áfengis og kvaðst hafa verið með áfengisáhrifum. Hann
kvaðst hafa verið í bifreiðinni R 29435, sem ekið hafi verið frá
Lokastíg 18 að biðskýlinu að Kópavogsbraut 115. Hann kvað konu
sína, Margréti Jódísi Sigurðardóttur, hafa ekið bifreiðinni og
neitaði algerlega að hafa gert það. Ákærða var sýnd skýrsla hans
hjá lögregluvarðstjóra í Kópavogi, og kannaðist hann við að hafa
gefið þá skýrslu og við nafnritun sína undir henni. Kvaðst hann
hafa gefið skýrsluna tilneyddur vegna hótana um að verða settur
inn.

Næsta dag kom fyrir dóminn Margrét Jódís Sigurðardóttir frú,
Bergþórugötu 61, eiginkona ákærða. Í þinghaldinu var vakin at-
hygli hennar á 1. tl. 89. gr. laga nr. 74/1974. Vitnið var rækilega

áminnt um sannsögli og var 1. mgr. 142. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 lesin fyrir því í heyranda hljóði. Vitnið óskaði eftir fresti að svo stöddu til að bera vitni í málinu.

Vitni þetta kom síðan fyrir dóminn að eigin ósk hinn 5. mars sl. og skýrði það svo frá rækilega áminnt um sannsögli, að vorið 1977 hefðu þau ákærði búið aðskilin um nokkurn tíma, og dvaldist vitnið í Dvergabakka 18, en ákærði bjó að heimili þeirra að Bergþórugötu 61. Vitnið kvaðst hafa heimsótt ákærða eftir stuttan aðskilnað og hafi þau farið saman að Lokastíg til einhverra kunningja ákærða, Ásgeirs og Gylfa, sem vitnið þekkti lítið. Vitnið sá þá tvo drekka áfengi, en ekki ákærða, en það telur, að hann hafi verið „þunnur“.

Eftir nokkra viðdvöl á Lokastíg var ákveðið að fara út að keyra í bifreið fyrrnefnds Ásgeirs. Var talið, að vitnið eitt væri fært um að aka, og ók það því bifreiðinni. Ók vitnið fyrst að Nesti í Fossvogi, en þar var lokað. Var þá haldið áfram í Kópavog og að biðskýli þar. Vitnið segir, að á leiðinni hafi ákærði mjög rifist við sig vegna þess, hvernig vitnið ók, og kvaðst það hafa orðið mjög taugaóstyrkt af þessum sökum. Það kvað ákærða hafa setið aftur í með Gylfa, en Ásgeir hafi setið í framsæti við hlið vitnisins.

Eftir að komið var að biðskýlinu í Kópavogi, fór ákærði þangað inn. Vitnið sagði hins vegar við eiganda bifreiðarinnar, að það stæði ekki lengur í þessu, enda var það mjög slæmt á taugum um þessar mundir. Afhenti það honum þar lykla bifreiðarinnar og hélt á brott og vissi ekkert frekar um ákærða og féлага hans þetta kvöld. Fór vitnið heim til sín í Dvergabakka.

Vitnið hitti ákærða ekki fyrr en mánuði síðar, en það var ekki fyrr en löngu síðar, að hann tjáði því, að lögreglan hefði komið að bifreiðinni við biðskýlið og fært hann á lögreglustöð. Hefði hann játað að hafa ekið af ótta við að verða settur í fangageymslu. Kvað vitnið ákærða yfirleitt vera mjög hræddan við lögreglu.

Vitnið kvað þá Ásgeir og Gylfa hafa verið talsvert ölváða greint sinn.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Jón Björnsson lögregluþjónn, Löngubrekku 16, Kópavogi. Sem fyrr segir, tilkynnti hann til lögreglunnar í Kópavogi um ætlaðan akstur ákærða greint sinn. Vitnið skýrði frá því, að það hefði verið að aka um Miklubraut föstudaginn 3. júní 1977. Veitti vitnið athygli bifreiðinni R 29435, þar sem henni var ekið um torgið. Bifreið þessi var af Moskwitch gerð, brún að lit. Sá vitnið, að ákærði í máli þessu,

sem það kannaðist við í sambandi við starf vitnisins, ók bifreiðinni. Vitnið hafði grun um, að ákærði væri sviptur ökuleyfi. Veitti það bifreiðinni eftirför suður Reykjanesbraut. Var henni ekið frekar hratt, óörugglega og hlykkjótt, og stundum fór hún út í vegarbrún. Vitnið veitti bifreiðinni eftirför að biðskýli við Kópavogsbraut 115, en þar fór ákærði úr henni inn í biðskýlið. Nokkrir menn, sem voru í bifreiðinni, fóru með ákærða þar inn. Það tók ekki eftir, að kona væri í bifreiðinni. Vitnið kvaðst alveg öruggt um, að ákærði hefði ekið bifreiðinni. Það kvaðst hafa farið á lögreglustöðina í Kópavogi og tilkynnt lögreglunni um akstur ákærða, en síðar hafi það farið aftur á staðinn og bent lögreglunni á ákærða, sem þá sat undir stýri bifreiðarinnar. Vitnið kvaðst, eins og áður greinir, hafa séð ákærða, þegar hann fór inn í biðskýlið, og hafi hann augsýnilega verið undir áhrifum áfengis.

Vitni þetta kom enn fyrir dóminn hinn 23. mars sl., og var það þá enn yfirheyrt sjálfstætt um málið og spurt sérstaklega, hvort það hefði séð konu í bifreiðinni R 29435 greint sinn eða fara út úr bifreiðinni við biðskýlið á Kópavogsbraut. Vitnið kvaðst ekki muna eftir að hafa séð konu, en með ákærða hefðu verið nokkrir menn, sem hefðu farið inn í biðskýlið með honum. Vitnið kvaðst hafa komið að biðskýlinu nokkru á eftir ákærða og minnti, að ákærði og þeir, sem með honum voru, hefðu þá verið að yfirgefa bifreiðina.

Vitnið kvað það alveg öruggt, að ákærði hafi setið undir stýri bifreiðarinnar, þegar það sá hana á Miklatorgi greint sinn, en það þekkti ákærða frá fyrri tíð. Það kvað ákærða hafa komið inn í torgið að vestan frá Hringbraut, en það hafi þá verið komið inn í hringinn frá Snorrabraut. Hafði það góða aðstöðu til að sjá ökumann R 29435.

Vitnið kvaðst aðspurt ekki þora að fullyrða það, hvort bifreiðin R 29435 hafi haft einhverja viðdvöl við Nesti í Fossvogi greint sinn. Það kvaðst hafa ekið töluvert á eftir bifreiðinni, sem hefði verið ekið allgreitt.

Vitnið Gylfi Gunnarsson útvarpsvirki, Lokastíg 18, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að þeir Ásgeir Sigurðsson hafi verið að neyta áfengis á heimili vitnisins Lokastíg 18 föstudaginn 3. júní 1977. Ákærði hafi komið heim til vitnisins ásamt eiginkonu hans og neytt áfengis með vitninu og Ásgeiri, en kona ákærða hafi ekki neytt áfengis. Einhvern tíma dags hafi þau öll farið út í bifreið Ásgeirs og hafi ákærði ekið henni að biðskýlinu við Kópavogsbraut í Kópavogi. Vitnið og Ásgeir hafi ekki farið út úr bifreið-

inni, en hins vegar ákærði og kona hans. Kona ákærða fór á brott, en ákærði fór inn í biðskýlið. Var ákærði sestur aftur inn í bifreiðina, þegar lögreglan kom á staðinn. Vitnið kvaðst hafa verið töluvert ölvað og illa sofið. Vitnið sá ákærða ekki neyta annars áfengis en þess, er hann drakk heima hjá því. Vitnið kvaðst ekki hafa veitt athygli, hvort ákærði var með áfengisáhrifum við aksturinn.

Vitnið Ásgeir Ragnar Sigurðsson tæknimaður, Baldursgötu 12, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að það hafi verið að neyta áfengis að Lokastíg 18 aðfaranótt 3. júní 1977. Með vitninu hafi verið Gylfi Gunnarsson. Vitnið mundi eftir því, að ákærði hefði komið að Lokastíg 18 ásamt konu sinni. Var farið í bifreið vitnisins að biðskýlinu við Kópavogsbraut 115. Kvað vitnið annað hvort ákærða eða konu hans hafa ekið bifreiðinni, en kvaðst engu geta slegið föstu um það vegna ölvunar. Kvað vitnið þau hafa setið í framsæti, en þeir Gylfi í aftursæti. Gat vitnið ekkert sagt um, hvort ákærði eða kona hans hafi tekið við lyklum að bifreiðinni, áður en lagt var af stað. Vitnið kvaðst ekkert geta sagt um áfengisneyslu ákærða.

Þá hefur komið fyrir dóminn sem vitni Guðmundur Ingi Inga-son, lögregluþjónn í Kópavogi, og staðfest skýrslu sína um handtöku ákærða greint sinn. Þar segir, að ákærði hafi verið æstur í skapi, en vitnið kvaðst ekki geta sagt um það, hvort það hafi verið af áfengisáhrifum. Karlmenn hafi verið í bifreiðinni með ákærða, en vitnið mundi ekki, hvað þeir voru margir eða nöfn á þeim. Enginn kvenmaður hafi verið í bifreiðinni, að því er vitnið mundi. Vitninu fannst ákærði vera að leggja af stað frá biðskýlinu, en hvort hann var farinn að hreyfa bifreiðina, mundi það ekki. Vitnið var viðstatt, er tekin var skýrsla af ákærða hjá varðstjóra, og viðurkenndi ákærði að hafa ekið bifreiðinni. Vitnið kvað ákærða hafa játað þetta án þvingunar, og man það ekki til, að hann hafi nefnt það, að neinn annar hefði ekið bifreiðinni. Vitnið taldi óhugsandi, að honum hafi verið hótad á lögreglustöð, að hann yrði settur inn, ef hann játaði ekki að hafa ekið bifreiðinni.

Ingólfur Ingvarsson, lögregluvarðstjóri í Kópavogi, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að ákærði hafi setið undir stýri bifreiðarinnar, þegar þeir lögreglumennirnir komu að, og hafi kveikjuláslyklar verið í kveikjulás, en vél ekki í gangi, að því er vitnið best mundi. Áfengislykt hafi verið af ákærða og hann áberandi undir áhrifum áfengis. Tveir eða þrír menn aðrir hafi verið í bifreiðinni

og hafi þeir einnig verið undir áhrifum áfengis. Enginn kvenmaður hafi verið í bifreiðinni eða í nánd við hana. Vitnið kvað ákærða og þá menn, sem með honum voru, hafa verið æsta í skapi. Voru þeir að tala um ofsóknir í sambandi við handtöku þeirra, en þeir voru allir fluttir á lögreglustöðina. Vitnið yfirheyrði ákærða á lögreglustöð, og skýrði hann svo frá sem í skýrslu hans greinir, en að því búnu undirritaði hann skýrsluna. Ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni og nefndi ekki, að neinn annar hefði gert það. Minnti vitnið, að hann hefði viðurkennt þetta í lögreglubifreiðinni. Ákærði hafi verið með ökuskírteini, en við athugun hafi komið í ljós, að hann hafði verið sviptur ökuleyfi.

Þegar vitninu var kynntur framburður ákærða, kvað vitnið það ekki rétt hjá honum, að sagt hafi verið við hann, að hann yrði settur inn, ef hann ekki játaði. Vitnið kvað játningu ákærða hafa komið strax og hafi hann greiðlega viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni og aldrei annað komið til álita. Hvorki ákærði né farþegarnir minntust á, að kona ákærða hefði verið í bifreiðinni. Vitnið kvað stutta stund hafa liðið frá því, að tilkynnt var um bifreiðina R 29435, þar til lögreglan kom að henni.

Ákærði hafði með dómi 29. janúar 1976 verið sviptur ökuleyfi ævilangt frá þeim degi að telja.

Niðurstaða.

Þegar virtir eru framburðir Jóns Björnssonar og Gylfa Gunnarssonar um akstur ákærða greint sinn og með hliðsjón af skýrslu ákærða hjá varðstjóra lögreglunnar í Kópavogi, þykir verða þrátt fyrir síðari framburð ákærða og eiginkonu hans að telja sannað í málinu, að hann hafi ekið bifreiðinni R 29435 greint sinn, svo sem lýst er í ákæru. Með hliðsjón af niðurstöðu alkóhólrannsóknar og því, að ákærði var greint sinn sviptur ökuréttindum, þykir atferli hans varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 21. mars 1978, hlaut hann dóm hinn 8. apríl 1974, 10 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga og var sviptur ökuleyfi í 1 ár frá þeim degi að telja. Hinn 29. janúar 1976 var ákærði dæmdur í 30 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga og sviptur ökuleyfi ævilangt frá þeim degi að telja. Enn var ákærði dæmdur hinn 17. febrúar 1978 í 10 daga varð-

hald (hegningarauka) fyrir sams konar brot. Auk þess hefur ákærði tvívegis, þ. e. á árunum 1967 og 1970, sætt sektum fyrir brot á umferðarlögum.

Framangreindir refsidómar frá 8. apríl 1974 og 29. janúar 1976 hafa ítrekunaráhrif á framangreint brot ákærða skv. 71. gr. almennta hegningarlaga nr. 19/1940, og verður honum dæmd refsing með tilliti til þess. Þá ber að dæma honum hegningarauka við dóminn frá 17. febrúar 1978.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 80. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin varðhald í 25 daga.

Þá ber og skv. 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal greiðslu málsvarnarlauna til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmans, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 50.000.

Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Magnús Aðalsteinsson, sæti varðhaldi í 25 daga.

Ákærði er sviptur rétti til að öðlast ökuréttindi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmans, kr. 50.000
